

## Íslenskukennsla útlendinga við Háskóla Íslands

### 1. Fjöldi erlendra stúdenta

Á liðnum áratug hefur erlendum stúdentum fjölgað gríðarlega við Háskóla Íslands. Haustið 2000 voru skráðir til náms 363 erlendir stúdentar en þeir voru 113 tíu árum fyrr, samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá háskólans. Þessa fjölgun má m.a. rekja til aukinna alþjóðasamskipta háskólans síðustu ár en af þessum 363 erlendu stúdentum eru 130, eða 35%, skiptistúdentar sem hingað eru komnir fyrir tilstuðlan samstarfssamninga háskólans við erlenda háskóla, langflestir á vegum Sókrates-áætlunar Evrópusambandsins eða Nordplus-áætlunar Norðurlandaráðs.

Þessir stúdentar koma hingað til eins eða tveggja missera dvalar og sækja námskeið sem tengjast oft á einhvern hátt því námi sem þeir stunda við sína heimaskóla þótt ekki sé það skilyrði fyrir námsdvölinni þar eð markmiðið með skiptistúdentaaætlununum er ekki síður fólgið í því að gefa háskólastúdentum færi á að víkka út sjóndeildarhringinn og kynnast menningu annarra landa. Á sama hátt heldur á hverju misseri fjöldinn allur af íslenskum háskólastúdentum utan til tímabundinnar námsdvalar við samstarfsskóla háskólans. Af þeim 363 erlendu stúdentum, sem skráðir voru til náms við Háskóla Íslands haustið 2000, voru 176 skráðir til náms í íslensku, eða um helmingur þeirra. Þeir voru 65 talsins árið 1990. Þessar upplýsingar um fjölda erlendra stúdenta eru dregnar saman í eftirfarandi töflu:

|     |                    |              |
|-----|--------------------|--------------|
| 363 | erlendir stúdentar | haustið 2000 |
| 113 | erlendir stúdentar | haustið 1990 |
| 130 | skiptistúdentar    | haustið 2000 |
| 176 | í íslenskunámi     | haustið 2000 |
| 65  | í íslenskunámi     | haustið 1990 |

### 2. Námsleiðir

Boðið er upp á tvær námsleiðir í íslensku sem ólíkar eru að uppbyggingu, umfangi og markmiði. Annars vegar er *Icelandic Culture, Language and Literature* og hins vegar *Íslenska fyrir erlenda stúdenta*. Námsleiðin *Icelandic Culture, Language and Literature* er misserislangt hagnýtt námskeið í íslensku máli og menningu, 10 einingar, sem sérstaklega er sniðið að þörfum fyrrnefndra skiptistúdentar sem **ekki** eru komnir hingað í þeim tilgangi að nema íslensku eingöngu, heldur sækja námskeið í hinum og þessum greinum. Þessari námsleið var komið á fót haustið 1996 og voru 62 skráðir í hana haustið 2000 og hefur fjölgun stúdenta haldist í hendur við vaxandi fjölda skiptistúdentar við háskólann.

Hin námsleiðin er *Íslenska fyrir erlenda stúdenta*, þriggja ára fullt akademískt nám, nám sem boðið hefur verið upp á í háskólanum allt frá árinu 1954, fyrst í stað í smáum stíl í formi einstakra námskeiða sem þróuðust síðan í sérstaka námsgrein eftir því sem eftirspurn fór vaxandi og stúdentafjöldinn jókst. Lengi vel var aðeins boðið upp á tveggja ára nám en frá árinu 1987 hefur verið um að ræða þriggja ára 90 eininga nám. Haustið 2000 voru þar skráðir 114 stúdentar en þeir voru 65 tíu árum fyrr, eins og fram kom hér að framan. Hér hefur því einnig orðið allnokkur fjölgun síðastliðinn áratug sem væntanlega má rekja til eftirtalinnna þátta:

aukinna alþjóðasamskipta háskólans, sem veita fleiri stúdentum en ella færi á að koma hingað og nema íslensku;

efldrar íslenskukennslu við erlenda háskóla en margir stúdentar, sem hafa lært íslensku erlendis, hafa fengið það góðan grunn að þeir geta fengið nám sitt þaðan metið og hafið nám beint á öðru ári;

almenns áhuga á Íslandi hjá ungu fólki erlendis því Ísland virðist vera í tísku og á þar Björk án efa ekki lítinn hlut svo og íslenskar kvikmyndir örugglega og eflaust fleiri þættir;

aukins fjölda útlendinga sem hér sest að til langframa en margir þeirra eru vel menntaðir og hafa tilskilin próf og þann grunn sem þarf til að stunda nám á háskólastigi.

Þótt boðið sé upp á þriggja ára nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta er þó ekki þar með sagt að allir, sem stunda nám í greininni, ljúki þremur námsárum eða hafi nokkurn tímann ætlað sér að taka öll árin, eins og sjá má á dreifingu stúdenta eftir námsárum haustið 2000:

|       |          |
|-------|----------|
| 1. ár | 70 manns |
| 2. ár | 27 manns |
| 3. ár | 17 manns |

Í þessari námsgrein, sem og öðrum námsgreinum innan háskólans, er alltaf um eitthvert brottfall að ræða milli ára vegna þess að námið uppfyllir ekki væntingar stúdentanna – eða þá að þeir uppfylla ekki þær væntingar sem gerðar eru til þeirra. Meginástæðan fyrir fækkun á milli ára, sem er kannski heldur meiri en í mörgum öðrum greinum, liggur hins vegar í því hve sundurleitur stúdentahópurinn er: Uppruni stúdentanna er ólíkur og því hafa þeir ólíkan menningar- og menntunarlegan bakgrunn og forsendur og markmið með náminu eru einnig margvísleg. Fyrsta árið er langfjölmennast enda hyggja margir ekki á lengra nám, fá kannski bara styrk til árs dvalar eða sækjast fyrst og fremst eftir að ná undirstöðufærni í málinu og fá aðstoð við að hjálpa sér sjálfir áfram.

Það er hins vegar alltaf þó nokkur fjöldi, og hann fer vaxandi, sem vill meira og dýpra nám og ekki bara í tungumálinu sjálfu heldur einnig í bókmenntum og sögu; nám sem sniðið er að þörfum þeirra sem hafa ekki íslensku að móðurmáli eða hafa ekki alist upp í íslensku samfélagi. Slíkt nám stendur þessum hópi til boða á öðru og þriðja námsári. Eins og nefnt var að framan eru alltaf einhverjir sem hafa lært íslensku erlendis og fengið það góðan grunn að þeir geta hafið nám á öðru námsári og á það eflaust sinn þátt í þeirri fjölgun sem hefur orðið á öðru ári á síðustu árum en hún er allnokkur. Þannig styður íslenskukennsla erlendis óbeint við kennsluna hér. Margir stúdentanna láta þó staðar numið að afloknu öðru námsári og eru ástæðurnar eflaust margvíslegar; þeir hafa þá öðlast býsna góða þekkingu á íslensku og vilja e.t.v. snúa sér að öðru eða fjárhagur leyfir ekki lengri námsdvöl hér á landi. Drjúgur hluti heldur þó áfram og lýkur náminu og útskrifast með B.Ph.Isl.-próf (Baccalaureus philologiae Islandicae), gráðu sambærilega að uppbyggingu og innihaldi og BA- eða BS-próf.

### 3. Markmið

Nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta er akademískt nám. Þar er því mikil áhersla lögð á hinn fræðilega þátt tungumálsins þótt vissulega sé einnig öflug kennsla í málfærni og málnotkun, enda vandséð hvernig hægt væri að læra tungumál án þess. Nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta hefur því svipaða stöðu og annað tungumálanám innan háskólans, þar fer saman jöfnum höndum fræðilegt nám og hagnýtt. Á fyrsta ári er rík rækt lögð við talþjálfun og ritþjálfun, svo og skilning á mæltu máli og rituðu. Enn fremur er þar bein málfræðikennsla þar sem tekið er á öllum meginþáttum íslensks máls. Málfræðikennslan er þannig mun ríkari þáttur í náminu en tíðkast í íslenskunámskeiðum á öðrum vettvangi enda í samræmi við markmið námsins sem er ekki hvað síst að veita erlendum stúdentum fræðilega þekkingu á íslensku máli og íslenskri menningu fyrir utan hinn augljósa tilgang að kenna þeim málið sjálf. Kennslan hefur því langtum víðari tilgang en að gera stúdenta færa um að bjarga sér í daglegu lífi við allar kringumstæður, hún miðast að því að þeir öðlist víðtæka og djúpa sýn á tungu, menningu og samfélag sem geri þeim kleift að miðla af þekkingu sinni til annarra.

Námið hér við háskólann hefur því augljóst menningarlegt gildi, fyrir utan auðvitað það persónulega gildi sem það gefur hverjum einstaklingi. Að bjóða upp á sérhæft nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta er liður í menningarstarfsemi stjórnvalda, liður í kynningu á menningu okkar og tungu á alþjóðavettvangi sem endurspeglast glögglega í myndarlegum styrkveitingum stjórnvalda en árlega eru veittir um 25 styrkir til náms í íslensku fyrir erlenda stúdenta, styrkir til upphalds í heilt skólaár. Styrkir þessir hafa verið veittir allt frá árinu 1949, færri í fyrstu en hefur fjölgað með vaxandi aðsókn í námið.

Það má segja að með styrkjum til náms í íslensku fyrir erlenda stúdenta séu stjórnvöld á vissan hátt að fjárfesta í íslenskri tungu og menningu og veita brautargengi á erlendum vettvangi og það er því hlutverk okkar og skylda hér að sú fjárfesting beri sem bestan arð – og til þess að svo megi verða þarf að tryggja stúdentunum áframhaldandi öflugt nám sniðið að þeirra þörfum.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að ég tel að námið hér hafi ótvírætt skilað okkur miklu til baka þótt ekki hafi ég auðvitað neinar beinar hagtölur þar að lútandi – fyrst ég hætti mér út líkingar af þessu tagi. Margir þeirra sem hér hafa lagt stund á íslenskunám starfa í sínu heimalandi við störf sem tengjast beint menntun þeirra og má þar nefna þýðingar, íslenskukennslu og menningarmiðlun ýmiss konar. Einnig má nefna að margir starfa hér á landi við menningarmiðlun af ýmsum toga og að margir af sendikennurum okkar við háskólann hafa verið hér við íslenskunám.

#### **4. Samsetning stúdentahópsins**

Ég vil þá aðeins víkja að samsetningu stúdentahópsins, hverjir það eru sem sækja nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta. Þess ber að geta að einungis er tekið við 72 nýjum stúdentum inn á fyrsta ár en umsóknir um námið eru hátt á annað hundrað ár hvert. Það má þó ekki skilja þetta sem svo að allar þessar umsóknir komi nokkurn tímann til greina, margar þeirra uppfylla hvorki lágmarkskröfur né þau viðmið sem höfð eru við val umsækjenda. Og hvaða viðmið eru þá höfð að leiðarljósi, hvað ræður valinu? Í fyrsta lagi hafa styrkþegar forgang, bæði styrkþegar menntamálaráðuneytisins, en þeir eru um 25 eins og nefnt var hér að framan, svo og skiptistúdentar sem eru allmargir. Að öðru leyti fer valið eftir bakgrunni hvers og eins og ráða þar mestu þættir sem hafa snertiflöt við það nám sem hér er boðið upp á en einnig vissulega áhugi umsækjenda og tengsl við land og þjóð. Það má því skipta stúdentahópnum upp í þrjá undirhópa:

háskólafolk, þ.e. fræðimenn og verðandi fræðimenn

fólk í leit að einhverju nýju og framandi  
fólk sem er búsett hérlendis

Skilin eru reyndar ekki endilega svona skýr því að fleiri en einn þessara þátta geta átt við einn og sama einstakling. Mig langar til að víkja fáeinum orðum að þeim hópi sem búsettur er hér og sækir nám til okkar. Flestir úr þeim hópi hafa verið búsettir hérlendis um einhvern tíma og margir hlotið formlegt undirstöðunám í íslensku í Námsflokkum Reykjavíkur eða annars staðar en það er þó ekki algilt. Það er afar misjafnt eftir hverju þessir stúdentar eru að sækjast. Suma þyrstir í meiri og dýpri þekkingu en aðrir sækjast einungis eftir frekara hagnýtu námi til nota í daglegu lífi. Hvort tveggja eiga þeir að geta fengið í íslensku fyrir erlenda stúdenta en óhjákvæmilega uppfyllir námið ekki væntingar þeirra til fulls sem vilja aðeins hagnýtt nám.

Hvað er þá til ráða, á háskólinn að uppfylla þarfir þessa hóps, hóps sem fer stækkandi, eða á að sinna honum á öðrum vettvangi? Ég tel að við verðum að hafa hlutverk háskólans í huga hér, háskólans sem fræðastofnunar og rannsóknarstofnunar og vissulega kennslustofnunar en ekki endilega stofnunar sem sinnir almenningsfræðslu. Það ætti fyrst og fremst að vera hlutverk málamiðstöðva á borð við Námsflokka Reykjavíkur, sem haldið hafa uppi víðtækri íslenskukennslu fyrir nýbúa, að veita slíka þjónustu. Það er löngu orðið tímabært að efla þá starfsemi verulega svo að sem flestir geti fengið þar þjálfun við sitt hæfi. Þeir sem vildu dýpri þekkingu og fræðilegra nám í íslensku máli og menningu gætu eftir sem áður að sjálfsögðu sótt slíka menntun til Háskóla Íslands. Hins vegar mætti líka hugsa sér að komið yrði einnig á fót almennri hagnýtri námsleið sem gerði meiri kröfur en gerðar eru til nemenda í málaskólum og byði upp á hraðvirkara nám, nám sem væri meira en almenningsfræðsla sú sem almennir málaskólar veita. Þetta yrði þá ekki ósvipað þeirri leið sem margar tungumálagreinar innan háskólans hafa farið þar sem boðið er upp á svokallað „stutt hagnýtt tungumálanám fyrir atvinnulífið“ til hliðar við hið hefðbundna akademíska nám. Reyndar má segja að nú þegar sé boðið upp á slík námskeið og hafi svo verið um nokkurt skeið, síðdegis og á kvöldin hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

## 5. Vefsetur

Mig langar að endingu að nefna þróunarstarf sem í bígerð er innan heimspekideildar og snertir íslenskukennslu útlendinga. Fyrirhugað er að koma á fót vefsetri í íslensku máli og menningu sem þjóna á öllum þeim sem áhuga hafa á málefnum hvort heldur um er að ræða Íslendinga eða útlendinga, börn eða fullorðna, heima eða heiman. Ætlunin er að á vefsetrinu verði að finna efni af ýmsu tagi sem snertir íslenskt mál og menningu, svo sem upplýsingar margs konar, svo og kennslu- og sjálfsnámsefni. Sérhanna þarf efni af þessu tagi með miðilinn sjálfan og notkunarmöguleika hans að leiðarljósi og þegar litið er til þess að við stöndum hér á byrjunarreit, þar sem sáralítið er enn til af slíku efni fyrir íslensku, er ljóst að þetta verður ekki að veruleika í einni svipan. Það má þó sjá fyrir sér í nánustu framtíð fjarkennslu í íslensku fyrir útlendinga, fjarkennslu sem stendur undir nafni með gagnvirkum tengslum, auk sjálfsnámsefnis ýmiss konar sem ætti ekki hvað síst að koma útlendingum til góða, almenningi sem erlendum stúdentum, sem áhuga hafa á að læra íslensku og/eða læra um íslenskt mál og menningu.

## Heimildir

Guðni Jónsson. 1961. *Saga Háskóla Íslands*: yfirlit um hálfra aldar starf. Háskóli Íslands, Reykjavík.

*Kennsluskrá háskólaárið 2000–2001*. 2000. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Svavar Sigmundsson. [Án árs.] Íslenska sem erlent mál. [Handrit.]

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.